

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

166. FUNDUR

Árið 2010 fimmtudaginn 11. febrúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 166. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð. Í upphafi fundar gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði bætt sem 4. lið kosningu í byggðarráð. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
 - a) Fundargerð 632. fundar 25. janúar. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra hafnar erindi Magnúsar Eðvaldssonar þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið greiði helming kostnaðar grunnskólanemanda sem stundar fjarnám á framhaldsskólastigi. Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill taka til sérstakrar skoðunar möguleika á auknu samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla um möguleika grunnskólanemanda til náms á framhaldsskólastigi t.d. í samvinnu við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra sem hefur lýst yfir áhuga á að útfæra slíkt nám frekar.“
Borinn undir atkvæði 2.liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkir með 6 atkvæðum gegn 1. Lögð var fram svohljóðandi bókun: „Ég greiði atkvæði gegn tillögunni um höfnun á erindi Magnúsar sem fellst í fyrstu setningunni. En lýsi yfir stuðningi við það sem fer þar á eftir. Oddur Sigurðarson.“
Lögð var fram svohljóðandi bókun sveitarstjórnar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra átelur þá samþykkt ríkisstjórnarinnar að stöðva greiðslur til framhaldsskóla vegna nemenda úr grunnskólum sem stunda fjarnám á framhaldsskólastigi og að sá kostnaður skuli því leggjast af fullum þunga á foreldra og forráðamenn.“
Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 633. fundar 1. febrúar. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 634. fundar 8. febrúar. Fundargerð í 10 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir harðlega öllum hugmyndum sem lúta að því að dregið verði úr viðbúnaði og þjónustu á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi. Á sl. árum hefur mikill meirihluti verðandi mæðra í Húnaþingi vestra kosið að fæða börn sín á Akranesi og nýta þá faglegu og traustu þjónustu sem þar hefur verið veitt. Sveitarstjórn Húnaþings vestra skorar á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, heilbrigðisráðherra og alþingismenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, ekki síst þjónustu lækna og ljósmæðra við verðandi foreldra. Þá mótmælir sveitarstjórn

Húnaþings vestra boðuðum niðurskurði sbr. fjárlög ársins 2010 sem svarar til fækkunar tveggja hjúkrunarrýma á Hvammstanga. Öll hjúkrunarrými á Hvammstanga eru nú fullnýtt og ekki hefur verið unnt að mæta eftirspurn eftir þeirri þjónustu. Heilbrigðisstofnunin er hornsteinn í héraði og mikilvægt að standa um hana vörð.“

Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Rakel Runólfsdóttur lausn frá sveitarstjórnarstörfum frá 1. mars nk. til loka kjörtímabilsins vegna fæðingarorlofs.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún greiði ekki atkvæði um þennan lið vegna vanhæfis.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa reglum um úthlutun 50 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009-2010 til fullnaðarafgreiðslu byggðarráðs.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 9. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Lánasjóði sveitarfélaga eftirfarandi yfirlýsingu:

Hér með veitir sveitarstjórnin, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritun.“

Borinn undir atkvæði 9. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 87. fundar menningar- og tólmstundaráðs 20. janúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fundargerð menningar- og tólmstundaráðs frá 20. janúar sl. verði númer 87. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa til endurskoðunar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra tillögu nefndarinnar, um að málefni sem undir hana hafa heyrt verði færð undir aðrar nefndir og starfssvið starfsmanna sveitarfélagsins.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. 1. liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 174. fundar skipulags- og umhverfisráðs 4. febrúar. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti: Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu nefndarinnar um að hafna erindi eigenda Brekkugötu 2 um endurgreiðslu kostnaðar vegna breytinga á frárennsli í kjallara

fasteignarinnar í tengslum við breytta notkun hennar.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum.

4. Kosning í byggðarráð. Kosinn varamaður í byggðarráð Halldór Sigfússon frá 1. mars nk. til loka kjörtímabilsins í stað Rakelar Runólfsdóttur. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Sveitarstjórnarmenn færðu Rakel Þakkir fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og óska henni góðrar framtíðar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:20.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),

P. Karl Eggertsson(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).